

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, Ósabatnar.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. desember 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 frá 28. mars 1996.

Breytingin felst í lagningu vegar um Ósabatna milli Sandgerðis og Hafna sem opnar hringleið frá Hafnavegi yfir á Garðskagaveg og Stafnes.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 6. desember 2005.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 8. desember 2005